

Sp.

489. Tillaga til þingsályktunar

[237. mál]

um kapalkerfi.

Flm.: Albert Guðmundsson, Jósef H. Þorgeirsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Eggert Haukdal, Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinnsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Friðrik Sophusson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að þau fjölmörgu kapalkerfi, sem nú eru starfandi víðs vegar um landið, fái leyfi til áframhaldandi starfsemi í samræmi við túlkun gildandi laga.

Ríkisstjórnin skipi jafnframt nefnd fimm manna sem hafi eftirlit með starfsemi kapalstöðva, þar til önnur skipan hefur verið ákveðin með lögum.

Greinargerð.

Á síðustu misserum hafa fjölmörg kapalkerfi fyrir sjónvarp verið stofnsett víðs vegar um landið. Hefur það verið gert í fjölbýlishúsum, heilum hverfum og byggðarlögum með almennri þátttöku íbúanna. Ágreiningur hefur verið um lögmæti þessarar starfsemi, en hvorki stjórnvöld né ákærvald hafa amast við nefndum kapalkerfum. Í trausti þess, að almennur skilningur væri til staðar og viðurkennt, að þróun kapalkerfa og notkun þeirra yrði ekki stöðvuð, hafa einstaklingar, félög og fyrirtæki lagt í verulegar fjárfestingar og gert sér far um að bæta þjónustu og gæði þess efnis sem sýnt er.

Til dæmis hefur í vaxandi mæli þess verið gætt, að efni sé sýnt án þess að réttur sé brotinn á höfundum, framleiðendum eða eigendum. Kapalsjónvarp nýtur vinsælda, ekki síst í fjölmörgum sjávarplássum þar sem félagsstarf er af skornum skammti og afþreying og tilbreyting af þessu tagi vel þegin.

Í síðustu viku gerðist það, að ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur eigendum eins fyrirtækis, Videoson hf., sem rekur kapalkerfi á höfuðborgarsvæðinu. Kapalkerfi fyrirtækisins nær til sex þúsund heimila og hefur auk þess veitt mörgum öðrum kapalkerfum þjónustu í útvegum löglegs og frambærilegs myndefnis. Videoson hefur verið rekið í þeirri góðu trú, að þjónusta þess væri virt og metin, enda hefur hún aldrei farið leynt í þau þrjú ár sem fyrirtækið hefur starfað. Í reynd hafa stjórnvöld viðurkennt starfsemi Videoson með því að leggja söluskatt á þjónustu þess og hafa tekið tolla og aðflutningsgjöld af innflutningi tækja sem notuð eru í þágu kapalstöðvarinnar.

Videoson hf. stöðvaði þegar í stað allar útsendingar þegar kærán var gefin út, og hefur það valdið umróti meðal viðskiptavina fyrirtækisins, bæði þeirra, sem Videoson hf. sendir myndefni beint, og eins hinna, sem njóta þeirrar þjónustu að fá efni sent frá Videoson hf. Er þar um að ræða allmörg kapalkerfi úti á landi.

Starfsemi þessara stöðva margra hverra hefur stöðvast og mun stöðvast á næstunni, ef ekki verður úr bætt.

Þar sem réttarstaða Videoson og annarra kapalstöðva er óljós og erfið eftir ákæru saksóknara og Alþingi mun fyrirsjáanlega ekki hafa tók á að samþykkja lagabreytingar, sem taka af allan vafa um hina lagalegu stöðu kapalsjónvarpsstöðva, er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Á það er bent, að útvarpsstjóri hefur á undanförunum misserum og oftsinnis í vetur gefið leyfi til sérstakra útvarpsstöðva á vegum ýmissa hópa einstaklinga, einkum skólafólks. Væntanlega er það gert í skjóli þess, að útvarpsstjóri telur það ekki brot á útvarpslögum. Sú leið sýnist því vel fær, að ríkisstjórnin í heild sinni beini þeim tilmælum til útvarpsstjóra, að

sams konar leyfi verði gefið út til handa kapalsjónvarpsstöðvum þeim, sem fram að þessu hafa starfað í landinu, og það leyfi stæði þar til Alþingi gefst ráðrúm til að taka til afgreiðslu frumvarp útvarpslaganefndar, sem mælir með setningu lagaákvæða sem heimila kapalsjónvarpsstöðvar með skilyrðum.

Sá umþóttunartími er sjálfsagt í samræmi við skoðanir meiri hluta alþingismanna, enda hefur enginn þeirra, svo vitað sé, amast við starfsemi kapalstöðvanna.

Eðlilegt þykir að meðan þetta millibilsástand varir sé skipuð sérstök nefnd sem fylgist með starfsemi þessari þar til önnur skipan kemst á.